



KPMG á Íslandi
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
B.t. Helga Hjörvar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. *P* 138/883
komudagur 7. 01.2010

Reykjavík, 12. desember 2009.

Efni: Mögulegt skattfrelsi af tekjufærslu vegna niðurfellingar eða lækkunar á skuldum fyrirtækja í nauðsamningum.

Í framhaldi af fundi fulltrúa endurskoðunarfyrirtækja með nefndinni í gær fer hér á eftir umfjöllun um mögulegar breytingar á lögum um tekjuskatt er varða skattlagningu á tekjum vegna niðurfellingar eða lækkunar á skuldum fyrirtækja.

Þær aðstæður eru nú í atvinnulífinu að skuldir fjölda félaga hafa hækkað mikið á sama tíma og verðmæti eigna hefur lækkað eða þar jafnvel orðið verðlausar. Sum þessara félaga hafa orðið gjaldþrota en meirihluti þeirra er ennþá í rekstri og unnið er að fjárhagslegri endurskipulagningu margra þeirra. Eitt þeirra úrræða sem unnt er að gripa til við fjárhagslega endurskipulagningu eru nauðasamningar. Þeir eru oft taldir æskilegri en gjaldþrot félaga þar sem verðmæti geta farið forgörðum við gjaldþrot sem unnt væri að vernda í nauðasamningum. Þau verðmæti sem þannig kunna að vera vernduð eru fyrst og fremst til hagsbóta fyrir kröfuhafa viðkomandi félaga.

Í nauðasamningi er hluti skulda felldur niður og myndar niðurfærslan skattskyldar tekjur hjá viðkomandi félagi. Ef yfirfæranlegt skattalegt tap er lægra en fjárhæð niðurfelldra skulda ber félaginu að greiða tekjuskatt af þeirri fjárhæð sem umfram er. Almennt verður að telja að skattalegt tap félaga hljóti að vera hærra en fjárhæð niðurfelldra skulda. Frá þessu hafa þegar orðið veruleg frávik. Gjaldfærsla vegna taps af sölu hlutafjár er t.d. ekki frádráttarbær kostnaður í skattskilum.

Vegna framangreindra ákvæða í lögum um tekjuskatt getur sú staða komið upp að forráðamenn félags neyðist til að lýsa félag gjaldþrota í stað þess að leita nauðasamnings. Stjórnendur félags sem orðið hefur fyrir svo miklu tapi að annað hvort þurfi að leita nauðasamnings eða setja það í þrot geta illa sett fram þá beiðni með nauðasamningi að kröfuhafar gefi eftir meira en nauðsynlegt er til að komast hjá gjaldþroti til þess eins að greiða tekjuskatt af niðurfellingu þeirra á lánnum.

Í ljósi þess sem að framan greinir eru rök fyrir því að gera breytingar á lögum um tekjuskatt þannig að skuldir sem gefnar eru eftir í nauðasamningum myndi ekki skattstofn hjá félögum þar sem tekjufærsla umfram skattaleg töp yrði ekki skattlögð. Ákvæði sem þetta værl þá í samræmi við skattfrelsi söluhagnaðar af eignarhlutum í félögum. Einnig má benda á að sambærileg lagaákvæði er að finna í nágrannalöndum okkar. Með slíkri aðgerð er tryggt að félög þurfi ekki að greiða tekjuskatt af

niðurfellingu skulda. Jafnframt er tryggt að skattalegt tap gangi á móti niðurfellingunni og félögin byrja þá í besta falli á núllpunkti hvað varðar skattalega stöðu.

Telja verður ólíklegt að rikissjóður muni verða af miklum tekjum við slíka breytingu á lögum þar sem væntanlega munu stjórnendur og/eða kröfuhafar félaga frekar lýsa þau gjaldþrota eða breyta skuldum í hlutafé en að greiða tekjuskatt vegna niðurfellingar skulda.

Rétt er að taka fram að framangreind tillaga tekur eingöngu til niðurfellingar á skuldum í formlegum nauðasamningum og eftirgjöf skulda við fjármálastofnanir sem gerðar eru í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu félaga. Allar aðrar niðurfellingar skulda eru skattskyldar að fullu eins og verið hefur. Vakin er athygli á að lögð er til að skattfrelsi tekna af niðurfellingu skulda nái einnig til samninga við fjármálastofnanir. Ástæða þess er fyrst og fremst hagræði sem í því felst þar sem í einhverjum tilvikum eru skuldir félaga sem leiðréttar þarf einungis við fjármálastofnanir. Í stað þess að félög þurfi að fara í formlega nauðsamninga til þess eins að geta nýtt umræddan skattfrádrátt er einfaldara og hagkvæmara að heimila slíkan frádrátt þegar gerðir eru samningar við fjármálastofnanir.

Lagatexti vegna þessa atriðis gæti verið eftirfarandi:

Lagt er til að bætt verði nýjum tölulið (12.) í 31. gr. laga um tekjuskatt. Vakin er athygli á að upphafsákvæði greinarinnar er þannig: „Frá tekjum lögaðila og þeim tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi eða eru tengdar slíkum rekstri má draga:“

12. Eftirgjöf skulda við nauðasamninga og/eða eftirgjöf skulda við fjármálastofnanir sem gerðar eru í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu á því ári sem viðkomandi samningar eru staðfestir. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið er því aðeins heimill að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þar með talið tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

Virðingarfyllt,

KPMG hf.

